

Fundargerð stjórnar Fuglahundadeildar 11.06.2020

Fyrsti fundur stjórnar Fuglahundadeildar starfsárið 2020 var haldinn að Bjarmalandi 6 í Reykjavík, fimmtudaginn 11. júní frá kl. 17 til 19.

Fundinn sátu Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Sem aldursforseti hópsins boðaði Kristín Jónasdóttir til fundar og setti fundinn. Fundarritari var Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Efni fundar:

1. Dómarar á próf ársins en eftir eru sækipróf, full combinert heiðarpróf og meginlandshundapróf

Eigum inni miða á nafni Patrik Sjöström frá því í vor og leggjum við upp með að reyna að fá Patrik til að dæma meginlandshundapróf á heiði í haust.

Sækiprófið verður með sama hætti og á síðasta ári þar sem nokkrir hundar hafa nú unnið sér inn stig á heiði en hafa ekki lokið sækipætti meginlandshundaprófs. Vegna reglna þarf dómari að hafa réttindi á báðar tegundir prófa ásamt því að mega dæma utan Svíþjóðar og verður því leitast eftir að fá Dag Teien til að dæma sækiprófið sem er á dagskrá í júlí.

Heiðaprófið í haust verður full combinert og þarf þrjá dómara á það próf. Guðjón Arinbjörnsson hefur tekið að sér að dómgæslu en eftir er að finna tvo erlenda dómara til að dæma einnig prófið.

2. Starf deildarinnar fram að prófum

Ákveðið að fara af stað með sækiaefingar – stefnum á að byrja mánudaginn 15. júní kl. 19.30 en eftir það verði æfingarnar á miðvikudögum.

Fyrir sækiprófið verður haldið opið hús þar sem farið er yfir hverju þarf að muna eftir fyrir sækipróf og hugsanlega eitthvað fleira.

Fyrir heiðaprófið í september skoðað að fá dýralækni með erindi um til dæmis fóðrun, þófa, skyndihjálp og hvað getur komið upp.

Rætt um að finna leiðir til að halda þátttakendum eftir próf þegar umsagnir eru afhentar.

3. Skipting verka innan stjórnar

Farið í skiptingu verka stjórnar; Unnur A. Unnsteinsdóttir formaður, Jón Ásgeir Einarsson gjaldkeri, Atli Ómarsson ritari, Kristín Jónasdóttir og Bragi Valur Egilsson meðstjórnendur.

4. Önnur mál

Atli Ómarsson tekur að sér utanumhald um sækiaefingar og dregur fólk að eftir þörfum.

Fjallað um þýðingarvinnu veiðiprófsreglna:

Í kafla 4 í nýju norsku reglunum sem verið er að þýða er kafli þar sem fram kemur að hægt sé að nýta felt próf milli Svíþjóðar og Noregs.

Rætt að halda þeim möguleika opnum varðandi upptöku á sambærilegu ákvæði í íslensku reglunum í þeim tilgangi að fá samlegðaráhrif þarna á milli. Það sem er til dæmis ólíkt er þegar kemur að feld dýrum en sem lausn við því kom sú hugmynd að allir hundar taki þannig þátt í sama prófi en tegund segi til um hvernig hundur sé prófaður. Þannig þurfi þátttakendur ekki að velja próftegund heldur geti nýtt sér stigin sem hluta af meginlandshundaprófi. Skoða þyrfti hvort þetta opni á þann möguleiki að fleiri dómara geti dæmt þessi sækipróf.